

Hvað geta ríkisaðilar gert til að vekja athygli á nýtnivikunni?

Evrópska Nýnivikan er haldin í lok nóvember ár hvert og gengur út á það að hvetja fólk til að draga úr óþarfa neyslu, nýta hluti betur og draga úr myndun úrgangs. Það er ýmislegt hægt að gera í tilefni hennar, en hér eru nokkur dæmi sem hægt er að útfæra fyrir ykkar vinnustað.

- Fara í **flokkunarkeppni** milli hæða/teyma/deilda/starfsstöðva
 - T.d. er hægt að mæla magn úrgangs í almennum tunnum og sjá út frá því har minnst er af almennum úrgangi eftir vikuna.
- Vinnustaðurinn getur sett sér **markmið um hærra endurvinnsluhlutfall** í mánuðinum.
 - Fáðið upplýsingar frá sorphirðunni ykkar um hver staðan er núna og settið markmið um hærra hlutfall sem þið kynnið og vinnið að í Nýtnivikunni (og áfram eftir að henni lýkur).
- **Fá fyrirlestur** um flokkun frá ykkar sorphirðupjónustu.
- Senda út **fróðleiksmola í tölvupósti** einu sinni eða oftár í vikunni um hvernig draga má úr neyslu og koma í veg fyrir myndun úrgangs. Sjá t.d. [hér](#) og [hér](#).
 - Einnig heldur Umhverfisstofnun utan um allskyns [tölfræði tengda úrgangi á Íslandi](#) sem fróðlegt er að kynna sér og miðla áfram til starfsfólks.
- Senda út upplýsingar í tölvupósti einu sinni eða oftár í vikunni um hvernig staðið er að flokkun innanhúss hjá ykkur.
 - Þið getið t.d. tekið fyrir ákveðið þema á hverjum degi. Dæmi: plast tekið fyrir á mánudegi, málmur á þriðjudegi o.s.frv.
 - Hvar eru flokkunartunnur staðsettar innanhúss og hvað á að fara í hverja tunnu?
- Setja upp **skiptimarkað**.
 - Það er sniðugt að setja upp t.d. fataslá og borð á fjölförnum stað og hafa uppi yfir vikuna þar sem starfsfólk getur losað sig við föt og ýmsa muni og fundið gersemar frá öðrum í staðinn.
 - Það er hægt að hafa skiptimarkað fyrir næstum hvað sem er, en hér eru nokkur dæmi: Föt og skór, bækur, jólasbraut, skógjafir, húsmunir, plöntur og afleggjarar, grímubúningar, uppskriftir.
 - Sniðugt tækifæri fyrir jólasveina vinnustaðarins til að skiptast á dóti í skóinn 😊
- **Mæla matarsóun** hjá ykkur alla vikuna, vera með fræðslu um matarsóun og hvernig er hægt að draga úr henni og mæla svo aftur í heila viku eftir einhvern tíma. Varð einhver breyting á? Í [vinnugögnum](#) Grænna skrefa er að finna *Matarsóun - leiðbeiningar um skráningu*.
- Er árshátíð eða starfsmannapartý á döfinni? Hvernig væri að hvetja starfsfólk sem mæta til að kaupa ekki nýtt dress af því tilefni **heldur fá lánað, nota gömul föt eða finna dress á nytjamarkaði?**
 - Er einhver starfsmaður sem hugar að minni sóun í leik og starfi sem gæti deilt reynslu sinni og veitt góð ráð t.d. á hádegisfyrirlestri?
- Halda **þemadag**, þar sem starfsfólk er hvatt til að mæta í t.d. elstu flíkinni sinni.
- Notað myndunaraflíð!